

Skylduiðgjöldum ráðstafað í séreignar-sjóð hjá Frjálsa lífeyrissjóðnum

Býður upp á sveigjanleika og valfrelsi við útgreiðslu úr sjóðnum.

Eitt af markmiðum okkar er að bjóða sjóðfélögum Frjálsa lífeyrissjóðsins upp á sem mestan sveigjanleika við útgreiðslu lífeyrissparnaðar,“ segir Arnaldur Loftsson, sem hefur verið framkvæmdastjóri Frjálsa lífeyrissjóðsins undanfarin tíu ár.

Frjálsi lífeyrissjóðurinn var stofnaður árið 1978 og er rekinn af Arion banka. Hann er rúmlega 130 milljarðar að stærð og sjöundi stærsti lífeyrissjóður landsins. Sjóðurinn hefur þá sérstöðu umfram flesta aðra lífeyrissjóði að hluta 12% skylduiðgjalda má sjóðfélagi ráðstafa í séreign og hluta í samtryggingu. Sjóðfélagar geta valið að ráðstafa allt að 74% af 12% skylduiðgjöldum í séreign en enginn annar lífeyrissjóður býður upp á svo hátt hlutfall.

„Kostir séreignar eru m.a. að hún erfist að fullu við fráfall sjóðfélaga og býður upp á mikinn sveigjanleika við útgreiðslur,“ segir Arnaldur. „Hluti af séreigninni er laus við 60 ára aldur og gefur sjóðfélögum svigrúm til að flýta starfslokum, minnka við sig í starfi fyrir hefðbundinn eftirlaunaaldur eða hafa hærri tekjur á fyrri hluta eftirlaunaáranna. Flestir okkar sjóðfélaga sem við höfum rætt við vilja einmitt hafa þess konar val þegar starfslokin nálgast. Með þessu fyrirkomulagi njóta sjóðfélagar Frjálsa lífeyrissjóðsins kosta séreignarsjóða og samtryggingarsjóða en samtryggingin greiðir ævilangan ellilífeyri, örorkulífeyri og maka- og barnalífeyri við fráfall,“ segir Arnaldur.

Margverðlaunaður lífeyrissjóður

Þess má geta að Frjálsi lífeyrissjóðurinn hefur fengið alþjóðleg verðlaun fyrir uppbyggingu sína en fagfígaritíð IPE valdi hann besta lífeyrissjóð í Evrópu í flokknum *Uppbygging lífeyrissjóða* árið 2005. Í fyrra valdi sami aðili sjóðinn jafnframt besta lífeyrissjóð Evrópuþjóða með undir eina milljón íbúa og árin 2009-2011 var hann valinn besti lífeyrissjóður á Íslandi.

Skattfrjáls viðbótariðgjöld til að greiða niður íbúðalán eða safna á húsnæðissparnaðarreikninga

Arnaldur segir að Frjálsi lífeyrissjóðurinn taki ekki eingöngu við skylduiðgjöldum því hann ávaxti einnig viðbótarlífeyrissparnað og ekki þurfi að fjölyrða um kosti hans. „Mótframlag launagreiðanda sem nemur 2% af launum gerir það að verkum að viðbótarlífeyrissparnaður er eitt hagstæðasta sparnaðarform sem völ er



Arnaldur Loftsson, framkvæmdastjóri Frjálsa lífeyrissjóðsins.

á, auk þess sem skattaleg meðferð hans er mjög hagstæð. Nýjasta útspil stjórnvalda um að lántakendur íbúðalána geti notað skattfrjáls viðbótariðgjöld til að greiða niður höfuðstól íbúðalána eða safna á húsnæðissparnaðarreikninga í þrjú ár frá og með 1. júlí á þessu ári er kostatilboð sem flestir ættu að nýta sér,“ segir Arnaldur og bætir við: „Þeir sem ætla að nýta sér þennan möguleika þurfa að vera með samninga um viðbótarlífeyrissparnað og ég vil hvetja þá til að kynna sér þá valmöguleika og þjónustu sem Frjálsi lífeyrissjóðurinn býður upp á í þessum efnun.“

Jákvætt viðhorf sjóðfélaga til Frjálsa lífeyrissjóðsins

Sjóðfélagar í Frjálsa lífeyrissjóðnum eru nú um 47 þúsund. Flestum starfandi einstaklingum er gert skylt að greiða í tiltekna lífeyrissjóði en Frjálsi lífeyrissjóðurinn er fyrir þá sem hafa frjálst val um aðild að lífeyrissjóði. Arnaldur segir

að þeir sem vinni við rekstur sjóðsins hafi fundið fyrir meðbyr gagnvart sjóðnum síðastliðin ár: „Greiðandi sjóðfélögum hefur fjölgað jafnt og þétt og samkvæmt könnunum er viðhorf sjóðfélaga til sjóðsins almennt mjög jákvætt. Sjóðfélagar hafa kunnað að meta uppbyggingu sjóðsins, ávöxtun undanfarin ár og þá þjónustu sem sjóðurinn býður upp á. Við erum mjög stolt af þeim fjölda sjóðfélaga sem hafa valið að greiða til sjóðsins en jafnframt gerum við okkur grein fyrir þeirri ábyrgð sem ávöxtun og varðveisla lífeyrissparnaðar felur í sér. Frjáls aðild að sjóðnum veitir okkur mikið aðhald og ef við stöndum illa að rekstri sjóðsins geta sjóðfélagar ákveðið að greiða í aðra sjóði. Við ætlum okkur að standa undir þessari ábyrgð og halda áfram að beita faglegum vinnubrögðum við eignastýringu sjóðsins og veita sjóðfélögum framúrskarandi þjónustu,“ segir Arnaldur að lokum.